

Barnavernd

Viðbótardiplóma

hi.is/barnavernd-vidbotardiploma



Vorið 2020 mun Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands bjóða upp á diplómanám í barnavernd (30 ECTS). Námið er skipulagt með það í huga að nemendur geti stundað það samhliða starfi.

Markmið námsins er að koma til móts við þörf fyrir aukna þekkingu á sviði barnaverndar svo sem með umfjöllun um þroska barna og afleiðingar vanrækslu og ofbeldis. Áhersla verður á vinnu með börnum og fjölskyldum þeirra svo og hið margbrotna lagaumhverfi sem barnaverndarstarfsmenn þurfa að hafa þekkingu á. Í allri umfjöllun verða nýjustu rannsóknar á sviðinu hafðar til hliðsjónar svo og gagnreyndar aðferðir sem nýtast í starfi. Á þennan hátt verður leitast við að efla nemendur í starfi og auðvelda þeim að verða leiðtogar á sviði barnaverndar.

Skipulag náms:

Vor 2020: Börn og fjölskyldur, 10 einingar. Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist dýpri þekkingu á vinnu með börnum og fjölskyldum sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af. Fjallað verður um ríkjandi stefnur og strauma í barnaverndarstarfi. Nemendur munu fá þjálfun og kennslu í viðtalstækni sem nýta má í vinnu með börnum og fjölskyldum og áhersla lögð á að kynna ýmis hjálpargögn í slíkri vinnu.

Haust 2020: Lög, vinnulag og samstarf, 10 einingar. Markmið námskeiðsins er að dýpka þekkingu nemenda á barnaverndarlögunum, hlutverki þeirra og samspili við aðra löggjöf, með áherslu á barnarétt, löggjöf um leik- grunn- og framhaldsskóla og löggjöf um málefni fatlaðs fólks. Einnig verður fjallað um alþjóðalög og samninga sem fjalla um barnaverndarstarf. Kynnt verða sjónarhorn þeirra sem vinna að barnaverndarmálum á öðrum vettvangi svo sem dómara, lögmannna, réttargæslumanna og barnaverndarnefnda.

Vor 2021: Leiðtogi í barnavernd- málstjóri og fagmaður, 10 einingar. Markmið námskeiðsins er að styrkja leiðandi og faglegt hlutverk barnaverndarstarfsmannsins innan eigin vinnustaðar og á vettvangi. Áhersla verður lögð á að kynna aðferðir sem eru líklegar til að viðhalda áhuga og ástríðu fyrir starfinu, svo sem handleiðslu og núvitund. Hér verður lögð áhersla á rannsóknir og hvernig þær nýtast í starfi, til að stuðla að faglegum þroska, starfsþróun og við mat í vinnslu barnaverndarmála.

Skrifstofa Félagsráðgjafardeildar

Gimli
við Sæmundargötu
101 Reykjavík
Sími 525 5417
felagsradgjof@hi.is
hi.is/felagsradgjafardeild

Forkröfur og skilyrði

Umsækjendur skulu hafa lokið námi í félags-, heilbrigðis- eða menntavísindum með fyrstu einkunn. Umsækjendur skulu starfa við málsmeðferð hjá barnaverndarnefnd og hafa a.m.k. þrjú ára starfsreynslu á því sviði ásamt því að vera í handleiðslu á vegum síns vinnustaðar þann tíma sem námið stendur.

Með umsókn skal fylgja samþykki yfirmanns þar sem fram kemur að starfsmaðurinn geti stundað nám samhliða starfi, fái handleiðslu á námstímanum og geti unnið verkefni sem tengjast starfi hans.

Umsjón með námi

Umsjón með námsleiðinni hafa Hervör Alma Árnadóttir, dósent við Félagsráðgjafardeild og Páll Ólafsson, sviðsstjóri ráðgjafar- og fræðsluviðs Barnaverndarstofu og aðjúntkt við Félagsráðgjafardeild. Auk þeirra er sérstök námsnefnd skipuð vegna námsins. Hlutverk námsnefndar er að vera ráðgefandi og styðjandi við framkvæmd námsins, svo sem með því að taka þátt í endurmati þess. Í henni sitja kennarar og fulltrúar stofnana á vettvangi



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD